



Reykjavík 29. maí 2011

Elín Björg Jónsdóttir  
Formaður BSRB  
Grettisgötu 89  
105 Reykjavík

Á undanförunum mánuðum hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar fundað reglulega með forystu BSRB og kynnt sér áherslur BSRB til kjara- og réttindamála. Ríkisstjórnin tekur undir með BSRB um gildi þess að grundvöllur samningsgerðar til lengri tíma sé skýr. Vill ríkisstjórnin með bréfi þessu árétta afstöðu sína til þeirra álitamála sem til umræðu hafa verið í tengslum við kjaramál opinberra starfsmanna, einkanlega aðildarfélagi BSRB.

### *Lífeyrisréttindi*

Ríkisstjórninni er ljóst að skuldbindingar ríkisins vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa ekki verið fjármagnaðar þannig að deildin geti staðið að fullu undir framtíðarskuldbindingum sínum. Óhjákvæmilegt er að brugðist verði við með raunhæfum hætti vegna umræddra skuldbindinga og verður áfram unnið að því að greina þær leiðir sem færar eru í því tilliti.

Nýlega var skipaður samráðshópur opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra til að gera tillögur um hvernig staðið verði að lausn þessa viðfangsefnis. Meðal þeirra leiða er að leggja LSR til árlegt framlag og gera framtíðargreiðsluáætlun sem kemur til framkvæmda þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa.

Rétt er að ítreka fyrirheit um lífeyrisréttindi sem gefið var með yfirlýsingu stjórnvalda frá 5. maí sl. vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Lýtur það fyrirheit að því að ekki verði hróflað við þegar áunnum réttindum opinberra starfsmanna og að allar breytingar á lífeyrismálum verði unnar í fullu samráði við samtök þeirra.

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda í starfshópi sem skipaður var á grundvelli stöðugleikasáttmálans.

Lífeyrisréttindi eru mikilvægur hluti af kjörum opinberra starfsmanna. Ljóst er að komi til samræmingar á lífeyrisréttindum á opinberum og almennum vinnumarkaði er óhjákvæmilegt að endurmeta starfskjör þeirra. Stjórnvöld eru reiðubúin til að hefja það samráð þannig að ráðrúm gefist til að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni og hvernig þau verði leyst vel og tímanlega. Til

Þess verður settur á fót starfshópur sem er skipaður fulltrúum frá opinberum starfsmönnum og stjórnvöldum og tekur hann til starfa eigi síðar en 1. október 2011. Þessi vinna fer fram samhliða því sem aðilar vinna að samræmingu lífeyrisréttinda á vettvangi þeirrar nefndar sem fæst við það verkefni og BSRB á aðild að.

### ***Menntamál***

Í kjölfar efnahagsáfallsins árið 2008 stóðu stjórnvöld frammi fyrir því erfiða verkefni að skera niður rekstrarkostnað ríkisstofnana. Þar á meðal var framhaldsskólum gert að lækka verulega kostnað vegna fjarnáms og kvöldskóla. Bitnaði þessi aðgerð m.a. á þeim opinberu starfsmönnum sem sækja sér menntun í framhaldsskólum í kvöld- og síðdegisnámi (öldungadeildir). Stjórnvöld ítreka vilja sinn, sem áður hefur verið lýst opinberlega, til þess að tryggja aukið námsframboð fyrir þá sem eru í vinnu og geta ekki nýtt sér námsframboð í dagskóla. Í því skyni verður framhaldsskólum meðal annars gert kleift að bjóða upp á svokallaða brúarleiðir í síðdegis-, kvöld- og dreifnámi. Verður starfshópi þeim sem skipaður hefur verið á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. falið að tryggja að í boði verði námsúrræði af þessu þessu tagi sem skipulagt verður í tengslum við störf viðkomandi faghópa. Er vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. um þær margháttuðu breytingar sem fyrirhugaðar eru til að auka tækifæri vinnandi fólks og atvinnuleitenda til náms, m.a. með auknu framboði í fjarnámi, þróun nýrra og styttri námsbrauta á framhaldsskólastigi, raunfærnimati o.fl. Er mikilvægt að BSRB hvetji félagsmenn sína til að nýta þessi úrræði áfram.

### ***Bætt umgjörð kjarasamninga og bættur opinber rekstur***

Mikilvægur þáttur í að byggja upp jákvætt rekstrarumhverfi ríkisins er traust á kjarasamningum og virðing fyrir framkvæmd þeirra. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti beita sér fyrir því að verklag við gerð kjarasamninga verði bætt, þannig að ekki komi til þess að kjarasamningar verði lausir svo mánuðum skipti.

Á undanförunum árum hefur verið gert átak í mannauðsmálum stofnana ríkisins og hefur fjármálaráðuneytið verið þar í broddi fylkingar. Hins vegar er ljóst að betur má ef duga skal og kom það berlega í ljós í árlegri viðhorfskönnun meðal starfsmanna ríkisins. Vilji er til að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og unnið verður að því að ná markmiðum ríkisins í mannauðsmálum með framhaldi á því umbótastarfi sem í gangi hefur verið. Verður hlutverk ráðuneytisins á þessu sviði eflt, m.a. hvað snertir ráðgjöf til stofnana.

### ***Jafnréttismál og kynbundinn launamunur***

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að uppræta kynbundinn launamun meðal starfsmanna ríkisins. Vill hún í því samhengi leggja áherslu á að aðilar beiti sér fyrir því að hraða þeirri vinnu við gerð jafnlaunastaðals sem aðilar hafa tekið þátt í. Í framhaldi af setningu hans mun ríkisstjórnin, í samráði við heildarsamtök ríkisstarfsmanna, skipa starfshóp sem fylgja skal eftir áherslum um að uppræta kynbundinn launamun meðal ríkisstarfsmanna.

Starfshópurinn starfar á forræði fjármálaráðherra sem skipar formann og setur honum erindisbréf. Í starfi sínu hafi starfshópurinn að leiðarljósi að veita ríkisstofnunum aðstoð við að tileinka sér þá aðferðafræði sem jafnlaunastaðallinn byggir á og innleiða hann eftir því sem við á. Eins skal starfshópurinn horfa til þeirra aðferða sem stjórnvöld í Noregi og Svíþjóð hafa gripið til í baráttunni gegn launamun kynjanna. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu í upphafi árs 2012 og 2013.

Stjórnvöldum er ljóst að þessi vinna kann að leiða til þess að sýnt verði fram á óútskýrðan launamun sem bregðast þarf við á viðeigandi hátt, verði það raunin.

### ***Bætt starfsumhverfi***

Ríkisstjórnin er reiðubúin til að skipa starfshóp með aðild BSRB sem falið væri að marka stefnu að fjölskylduvænna samfélagi og skoði m.a. kosti þess að stytta vinnuviku í áföngum með það að markmiði að dagvinna verði 36 stundir á viku.

Þau efnahagslegu áföll sem dunið hafa yfir hafa m.a. haft þær afleiðingar að verulega hefur orðið að herða að í rekstri stofnana ríkisins og starfsfólk hefur ekki farið varhluta af því. Stjórnvöld eru reiðubúin til að skipa sérstakan starfshóp til að meta áhrif þessa á heilsufar og líðan starfsfólks, m.a. vegna streitu og álags. Skal starfshópurinn greina vandann og gera tillögur til lausnar.

### ***Húsnæðismál***

Samráðshópur aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og fleiri um húsnæðisstefnu hefur skilað niðurstöðum um mótun tillagna um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis. Í framhaldi af því verður sérstakur starfshópur skipaður og honum falið að útfæra tillögur um nýtt húsnæðisbótakerfi, þar sem horft verði til jafnræðis milli búsetuforma við skiptingu þeirra fjármuna sem varið er til vaxtabóta og húsaleigubóta.

### ***Önnur réttindamál***

Margir starfsmenn ríkisins vinna áhættusöm störf við umönnun skjólstaðinga sem eru ekki eða lítt sjálfráðir gerða sinna. Má þar nefna starfsmenn sem vinna við umönnun geðfatlaðra. Tryggingavernd þessara starfsmanna þarf að endurskoða í ljósi þeirrar áhættu sem fylgir viðkomandi störfum. Þessi málefni eru til umfjöllunar við yfirstandandi samningsgerð. Er

skilningur á þeim sjónarmiðum sem BSRB hefur fært fram í þeim viðræðum og treysta stjórnvöld því að samningsaðilar leiði málið til lykta með farsælum hætti.

Að öðru leyti en að framan greinir vísast til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tenglum við kjarasamninga aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, en efni hennar byggðist m.a. á viðræðum við samtök opinberra starfsmanna um launa- og kjaramál. BSRB mun eftir því sem við á eiga aðild að þeim starfs- og vinnuhópum sem settir verða á fót í tengslum við þá yfirlýsingu.



Jóhanna Sigurðardóttir  
forsætisráðherra



Steingrímur J. Sigfússon  
fjármálaráðherra